Ungmennafélag Akureyrar 2011

Ársskýrsla

Ungmennafélag Akureyrar, **UFA** var stofnað 5. apríl 1988 og voru stofnfélagar tæplega 60. Tilgangur félagsins er að efla frjálsar íþróttir á Akureyri, þroska félagsanda og stuðla að heilbrigðu líferni. Í dag eru 723 skráðir félagsmenn og þar af um 230 iðkendur.

Aðalstjórn

Gunnar Gíslason	formaður
Helgi Þorbjörn Svavarsson	varaformaður
Hulda Ólafsdóttir	gjaldkeri
Rannveig Oddsdóttir	ritari
Elfar Eiðsson	meðstjórnandi
Sigurður Hrafn Þorkelsson	varamaður

Fjalar Freyr Einarsson var varaformaður fram í júlí 2011 en flutti þá suður og lét af störfum í stjórn í kjölfarið.

Skoðunarmenn reikninga
Drífa Matthíasdóttir
Kristján Hreinsson

Foreldraráð yngri flokka
Björg Eiríksdóttir
Gísli Einarsson
Ingibjörg Baldursdóttir
Theódóra Kristjánsdóttir

Mótanefnd
Þuríður Árnadóttir
Gísli Pálsson
Hannes Ragnar Reynisson

Fundahöld

Aðalfundur UFA var haldinn miðvikudaginn 16. febrúar í kaffiteríu Íþróttahallarinnar. Tæplega 40 manns mættu á fundinn. Fundarstjóri var Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri. Fundarritari var Una Jónatansdóttir. Gestir fundarins voru Ómar Bragi Stefánsson frá UMFÍ, Óskar Þór Vilhjálmsson frá UMSE og Haukur Valtýsson frá ÍBA.

Að þessu sinni gengu fjórir úr stjórn; Þuríður Árnadóttir formaður, Una Jónatansdóttir ritari, Svanhildur Karlsdóttir varaformaður og María Aldís Sverrisdóttir varamaður.
Nýir stjórnarmenn voru kjörnir: Fjalar Freyr Einarsson, Elfar Eiðsson, Helgi Þorbjörn Svavarsson og Sigurður Hrafn Þorkelsson.
Stjórnarfundir voru 20 á árinu. Þá var einn fundur stjórnar með stjórn ÍBA þar sem farið var yfir starfsemi félagsins og helstu framtíðaráform. Formaður sótti formannafundi ÍBA. Engir samráðsfundir UMFÍ voru sóttir, en tveir fulltrúar stjórnar sátu sambandsþing UMFÍ sem haldið var á Akureyri dagana 15. og 16. október 2011. Formaður og varaformaður áttu nokkra fundi ásamt þjálfurum með starfsmönnum Þórsvallar til að bæta upplýsingaflæði og skilgreina verkefni. Þá voru fundir haldnir með starfsmönnum Þórsvallar fyrir hvert mót. Nokkrir fundir voru haldnir með fulltrúum UMSE vegna sameiginlegra móta sem félögin stóðu að auk þess sem rætt var um meiri samvinnu félaganna í þjálfun og utanumhaldi með frjálsíþróttaæfingum í meistarflokki. Tvo fundi sat formaður með formanni Íþróttaráðs Akureyrarbæjar og forstöðumanni Þórsvallar, þar sem málefni UFA og samskipti vegna notkunar Þórsvallar voru rædd.

Skýrsla stjórnar

Aðalstarf UFA er að sjá um öflugt frjálsíþróttastarf og var árið engin undantekning frá því. Stefnt var að því að nýta þá frábæru frjálsíþróttaaðstöðu sem er á Þórsvelli eins vel og kostur var.
Til þess að styrkja samastarfið við Þór um notkun Þórsvallar, var komið á reglulegum fundum formanns UFA, þjálfara og starfsmanna Þórsvallar. Ætlunin var að með þessum fundum mætti auka upplýsingaflæði og skipuleggja betur en áður allt starf og skipulag í kringum notkun vallarins. Þrátt fyrir þessa fundi komu upp nokkrir árekstrar þó þeir væru misalvarlegir. Greinilegt var að mörgum þótti notkun vallarins fyrir keppni í kringlukasti og sérstaklega sleggjukasti mjög alvarleg þar sem skemmdir á vellinum væru miklar. Er ljóst að þetta deilumál hefur ekki verið til lykta leitt enn og verður að halda áfram að leita lausna á því. Þá er ljóst af reynslu síðustu ára að halda verður áfram að styrkja á jákvæðan hátt samastarf og samskipti á vellinum til að fækka þeim núningsflötum sem þar hafa verið. Þetta verður ekki gert nema með reglulegum fundum starfsmanna Þórsvallar, þjálfurum Þórs með þjálfurum UFA og fulltrúum stjórnar.
Starf stjórnar felst að stórum hluta í daglegum rekstri félagsins, s.s að skipuleggja æfingar, ferðir á mót, mótahald og fjáröflun. Enginn launaður starfsmaður er hjá félaginu og nær öll störf þess, nema þjálfun, eru unnin í sjálfboðavinnu. Einsýnt þykir að ef efla á félagið enn frekar og stækka þá verður að ráða starfsmann a.m.k. yfir sumartímann. Það myndi minnka vinnu stjórnarmanna og vonandi gæti starfsmaður sinnt betur fjáröflun en stjórn hefur tök á. Formaður sendi erindi um nauðsyn þess að fá starfsmann a.m.k. í hlutastarf yfir sumarið til ÍBA sem kom erindinu til ÍRA. Málið er enn í vinnslu en ekki er líklegt að niðurstaða fáist fyrir sumarið 2012.
Til þess að mæta mikilli vinnu lagði stjórnin áherslu á að halda áfram með þá vinnu sem hófst í stjórnartíð fyrri stjórnar að skipuleggja og skipa í þrjá starfshópa sem eru mótanefnd, foreldraráð yngri flokka og meistaraflokksráð. Foreldraráð yngri flokka hefur verið virkt í a.m.k. tvö ár og vinnur mikið og þarft verk. Hefur ráðið séð að mestu um skipulag og utanumhald á ferðum á mót og Gautaborgarferðina sem farin var s.l. sumar. Hefur þetta létt mjög á starfi stjórnar. Þá hefur mótanefnd verið virk á s.l. ári og komið að undirbúningi mótahalds félagsins með stjórninni og létt þannig mikið undir við undirbúning. Meistaraflokksráð er enn að mestu í burðarliðnum og er unnið að því nú að virkja það til

verka. Skilgreiningar á hlutverki og verkefnum þessara ráða fylgja með skýrslunni sem fylgiskjöl. Áfram verður unnið að því að skipuleggja starf félagsins betur og skilgreina betur hlutverk og ábyrgð þeirra sem að starfinu koma.
Fjáröflun er mikilvægur þáttur í starfi íþróttafélaga ef halda á úti öflugu starfi og halda kostnaði iðkenda í lágmarki. Því miður hefur reynst erfitt að afla styrkja hjá fyrirtækjum í bænum. Undantekning á þessu er að Samherji hf styrkti félagið með myndarlegu og ómetanlegu framlagi eða einni milljón króna. Þetta framlag var notað til að lækka æfingagjöld hjá 14 ára og yngri á árinu.
Ein öflugasta fjáröflunarleið félagsins undanfarin ár hefur verið útgáfa kosningablaða. Þar sem engar kosningar voru á árinu kom ekki til útgáfu kosningablaðs.
Mótahald er önnur helsta fjáröflunarleið félagsins. Félagið heldur ár hvert fjögur til fimm frjálsíþróttamót og nokkur almenningshlaup sem oft hafa gefið ágætlega af sér. Í ár gáfu hins vegar bæði 1. maí hlaupið og Akureyrarhlaupið minna af sér en ráð var fyrir gert. Akureyrarmótið var haldið í júlí, en því er ætlað í framtíðinni að verða stór liður í fjáröflun félagsins. Því miður voru þátttakendur færri í ár en gert hafði verið ráð fyrir og því varð arður af mótinu heldur rýr. Þá fékk félagið ásamt UMSE úthlutað Meistaramóti 11-15 ára og var það haldið dagana 27. – 28. ágúst á Þórsvellinum. Með því að bjóða upp á gistingu í Síðuskóla tókst að auka aðeins tekjurnar af mótinu og kom það sér vel. Stjórn og mótanefnd höfðu í nægu að snúast allt sumarið í undirbúningi og framkvæmd móta, því auk þeirra tveggja stóru móta sem hér hafa verið nefnd tóku UFA og UMSE að sér að halda Bikarkeppni Íslands 2. deild með afar stuttum fyrirvara.
Til þess að geta haldið mót eins og þau sem nefnd hafa verið hér að framan er hverju félagi nauðsynlegt að eiga stóran hóp áhugasamra sjálfboðaliða. Það hefur komið í ljós á undanförnum tveimur starfsárum að félagið á stóran og öflugan stuðningshóp sjálfboðaliða sem hafa sýnt færni sína og dugnað í mótahaldi sem hefur tekist mjög vel, þrátt fyrir flókið skipulag og mikla vinnu eins og í Meistaramóti 11-15 ára.
Þátttaka félagsins í verkefnum tengdum UMFÍ var ekki mikil á þessu ári frekar en árið áður. Helgi Þ. Svavarsson tók að sér að skipuleggja Frjálsíþróttaskóla UMFÍ sem vera átti í júní. Var tilbúið mjög fínt skipulag sem varð að engu þar sem aðsókn varð lítil sem engin. Þá stóð til að taka þátt í verkefninu „Göngum á fjallið“ og var búið að ákveða að bjóða upp á göngu á Súlur. Vegna veðurs varð ekkert úr framkvæmd þetta árið.
Aðstaða stjórnar og þjálfara félagsins hefur ekki verið fullnægjandi undanfarin ár. Ákveðið var að stjórnin fengi aðsetur með gögn sín og hluti í tækjahúsi stúkunnar á Þórsvelli. Aðstaðan hefur því miður ekki nýst sem skyldi vegna kulda á vetrum og því hefur stjórnin fundað hér og þar en þó mest í Glerárgötu 26. Rætt hefur verið við forstöðumann Þórsvallar og formann ÍRA um þetta vandamál en ekki hefur verið gengið frá lausn á því enn. Þetta er eitt af brýnum verkefnum nýrrar stjórnar, því það skiptir miklu máli að félagið hafi góða aðstöðu til að funda og halda utan um búnað. Aðstaða í áhaldageymslu hefur verið bætt að hluta en betur má ef duga skal.
Vinnu við að yfirfara allar skráningar í **FELIX** skráingarkerfi UMFÍ og ÍSÍ var lokið á árinu. Ljóst er að við þessa yfirferð fækkaði skráðum iðkendum og einnig skráðum félögum. Það er ljóst að það þarf að leggja vinnu í það á næstu árum að fjölga félagsmönnum og iðkendum. Iðkendur 13 ára og yngri eru orðnir allt of fáir og verður að leggja vinnu í að fjölga í þeim hópi.
Auk frjálsra íþrótta starfa tvær aðrar deildir innan félagsins, langhlaupara- og þríþrautardeild og glímudeild. Starfsemi langhlaupar- og þríþrautardeildarinnar tengist frjálsíþróttastarfinu á

margan hátt. Þannig koma iðkendur þessara deilda að starfi deildanna eftir því hvað er í gangi hverju sinni og styðja þannig keppnishald hvers annars.
Heimasíða félagsins er mjög virk og hafa Rannveig Oddsdóttir og Svanhildur Karlsdóttir haft veg og vanda af því að uppfæra hana.

Helstu viðburðir og verkefni

Frjálsíþróttaæfingar
UFA heldur úti frjálsíþróttaæfingum fyrir alla aldurshópa allt árið. Yfir vetrartímann eru æfingar í íþróttahúsinu við Laugargötu, Íþróttahöllinni og í Boganum. Á sumrin fara æfingar fram á Þórsvellinum og kastsvæði austan Skarðshlíðar.
Íþróttaráð og stjórn ÍBA hafa átt viðræður við stjórn UFA um að breyta vetraræfingum þannig að æfingar séu meira á einum stað en mörgum. Hafa þjálfarar og stjórn sett fram hugmyndir sínar ef til þess kæmi að breyta núverandi fyrirkomulagi.

Grunnskólamót UFA
Dagana 24. - 27. maí var haldið eitt fjölmennasta frjálsíþróttamót landsins í Boganum við Skarðshlíð á Akureyri þegar ríflega eitt þúsund nemendur í 4. - 7. bekk grunnskólanna á Akureyri tóku þátt í grunnskólamóti UFA í frjálsum íþróttum.
Þetta var í annað sinn sem grunnskólamót UFA í frjálsum íþróttum var haldið en að þessu sinni fór það að mestu fram inni vegna óhagstæðs veðurs. Mótið fór fram á fjórum dögum en á hverjum degi kepptu nemendur í sama árgangi. Keppt var í langstökki, 60 og 600 metra hlaupi, boðhlaupi og reiptogi. Nær allir nemendur tóku þátt í einni eða fleiri greinum og þeir sem ekki tóku þátt í keppninni hvöttu sína keppendur dyggilega áfram með hrópum, köllum og veifandi fánum skólanna. Hver skóli fékk úthlutuðum ákveðnum lit svo auðvelt var að sjá úr hvaða skóla nemendur voru. Enginn þurfti að láta sér leiðast því nóg var fyrir stafni á milli atriða. Hægt var að prófa sig í ýmis konar frjálsíþrótta-greinum á milli atriða s.s. grindahlaupi, hástökki o.fl.
Um stigakeppni var að ræða og fékk hver skóli tíu stig fyrir að eiga sigurvegara í hverri þraut, níu stig fyrir annað sætið og þannig koll af kolli. Þegar öll stig höfðu verið talin var það lið Lundarskóla sem vann í 4. bekk, Giljaskóli í 5. bekk, Lundarskóli í 6. bekk og Brekkuskóli í 7. bekk og fékk hver skóli eignarbikar fyrir sigur í sínum árgangi. Einnig var keppt um farandbikar en sá skóli sem hlaut flest samanlögð stig hlaut nafnbótina skólameistari í grunnskólamóti UFA í frjálsum íþróttum en það var Lundarskóli sem hlaut þessa nafnbót annað árið í röð.
Það er ljóst að grunnskólamót UFA í frjálsum íþróttum er komið til að vera, enda mikill áhugi meðal nemenda og gleðin skein úr hverju andliti.

UFA dagurinn
UFA dagurinn var haldinn laugardaginn 4. júní á Þórsvellinum. Farið var í leiki, grillað, tekið á móti æfingagjöldum og þá var haldinn skiptimarkaður á skóm og fatnaði. Þá var einnig boðið upp á mátun og pöntun á nýjum æfingagalla.

Íþróttaskóli barna í samstarfi við KA
Fjórða árið í röð starfræktu UFA og blakdeild KA íþróttaskóla fyrir börn í 1. – 3. bekkjum. Aðsókn hefur farið dvínandi í skólann og stendur til að endurskoða þetta fyrirkomulag.

Viðurkenningar ÍRA



Í árlegu hófi Íþróttaráðs Akureyrarbæjar þriðjudag 27. desember var Íslandsmeisturum UFA árið 2011 veitt viðurkenning í formi viðurkenningarskjals.
Sennilega hafa Íslandsmeistaratitlarnir aldrei verið fleiri í sögu félagsins og aldrei fleiri einstaklingar náð þessum árangri eða 22. Þessi fjöldi meistara hjá félaginu hlýtur að bera öflugu starfi vitni sem ber að þakka þjálfurunum, Gísla, Unnari og Maríu. Á meðfylgjandi mynd má sjá þann hluta hópsins sem hafði tök á því að mæta ásamt Unnari Vilhjálmssyni þjálfara.

Uppskeruhátíð UFA

Uppskeruhátíð UFA fyrir árið 2011 var haldin 17. janúar 2012. Íþróttamaður ársins var heiðraður og veittar viðurkenningar fyrir afrek, framfarir og ástundun. Margir iðkendur UFA náðu góðum árangri á liðnu ári og til að mynda urðu 22 iðkendur Íslandsmeistarar í einni eða fleiri greinum.



Íþróttamaður UfA 2011 er Bjartmar Örnuson 800 m hlaupari. Bjartmar varð Íslandsmeistari í 800m hlaupi karla innanhúss 2011 og náði verulegri bætingu í þeirri grein á árinu en 800m hlaupið er hans aðalgrein. Bjartmar bætti einnig sinn persónulega árangur utanhúss í 800m hlaupi þegar hann náði þeim glæsilega árangri að koma fjórði í mark á Evrópubikarkeppni A-Landsliða, en það mót fór fram í Reykjavík síðastliðið sumar. Bjartmar hefur sýnt nokkuð stöðugar framfarir síðustu ár og er enn í framför sem afreksíþróttamaður.
Viðurkenningar fyrir bestu afrek karla og kvenna á árinu fengu Bjartmar Örnuson fyrir árangur sinn í 800m hlaupi (997 stig) og Rakel Ósk Dýrfjörð Björnsdóttir fyrir 400m hlaup (927 stig). Viðurkenningar fyrir ástund og framfarir voru veittar í bæði unglingaflokki og meistaraflokki. Í meistaraflokki fengu Kolbeinn Höður Gunnarsson og Ásgerður Jana Ágústsdóttir viðurkenningu fyrir framfarir og Agnes Eva Þórarinsdóttir fyrir góða ástundun. Í unglingaflokki fékk Melkorka Ýrr Yrsudóttir viðurkenningu fyrir framfarir og Gígja Teitsdóttir fyrir ástundun.

Íslandsmeistarar UFA 2011

Heiðrún Dís Stefánsdóttir í 800 m og 1500 m hlaupi innanhúss, 1500 m hlaupi (18-19 ára stúlkur), Íslandsmeistari félagsliða 18-19 ára stúlkur UFA.

Rakel Ósk Björnsdóttir í 400 m hlaupi innanhúss, stangarstökki innanhúss, 800 m hlaupi, stangarstökki (20-22ára stúlkur)
Ásgerður Jana Ágústsdóttir í hástökki innanhúss (15 ára stúlkur), hástökki, spjótkasti (15 ára stúlkur), Sjöþraut meyja.
Rannveig Oddsdóttir í 5000 m hlaupi (konur)
Agnes Eva Þórarinsdóttir Íslandsmeistari félagsliða 18-19 ára stúlkur UFA
Kolbrún Helga Hansen Íslandsmeistari félagsliða 18-19 ára stúlkur UFA
Andri Fannar Gíslason í kúluvarpi (20-22 ára piltar)
Bjarki Gíslason í stangarstökki innanhúss, (20-22ára piltar), 4x400 m boðhlaupi innanhúss (karlar), stangarstökki (karlar)
Bjartmar Örnuson í 800m hlaupi innanhúss (karlar), 4x400m boðhlaupi innanhúss (karlar)
Elvar Örn Sigurðsson í langstökki, kringlukasti, (20-22 ára piltar)
Kolbeinn Höður Gunnarsson í 60 og 200 m hlaupi innanhúss, 60 m grindahlaupi innanhúss, 400 m grindahlaupi, 100, 200 og 400 m hlaupi (16-17 ára piltar), 400 m hlaupi innanhúss, 4x400 m boðhlaupi innanhúss (karlar)
Ormar Agnarsson í sleggjukasti (20-22 ára piltar)
Örn Dúi Kristjánsson í 110 og 400 m grindahlaupi, þrístökki, (18-19 ára piltar), 4x400 m boðhlaupi innanhúss (karlar)
Haukur Geir Valsson Íslandsmeistarar félagsliða 20-22 ára pilta UFA
Snævar Már Gestsson Íslandsmeistarar félagsliða 20-22 ára pilta UFA
Guðmundur Freyr Jónsson Íslandsmeistararar félagsliða 20-22 ára pilta UFA
Melkorka Ýrr Yrsudóttir í 4 x 200 m boðhlaupi innanhúss, Íslandsmeistarar félagsliða í flokki 13 ára stúlkna UFA
Bríet Ósk Ólafsdóttir í 4 x 200 m boðhlaupi innanhúss, 100 m hlaupi, Íslandsmeistarar félagsliða í flokki 13 ára stúlkna UFA
Rún Árnadóttir í 4 x 200 m boðhlaupi innanhúss, Íslandsmeistarar félagsliða í flokki 13 ára stúlkna UFA
Berglind Björk Guðmundsdóttir í 4 x 200 m boðhlaupi innanhúss, Íslandsmeistarar félagsliða í flokki 13 ára stúlkna UFA
Sunna Rós Guðbergsdóttir í langstökki
Selma Líf Þórólfsdóttir Íslandsmeistarar félagsliða í flokki 13 ára stúlkna UFA

Landsliðsmenn UFA
Fjórir iðkendur úr UFA voru valdir í landslið Íslands sem keppti í Evrópukeppni landsliða í frjálsum sem haldið var í Reykjavík. Þetta voru Bjartmar Örnuson, Bjarki Gíslason, Kolbeinn Höður Gunnarsson og Rakel Ósk Dýrfjörð Björnsdóttir.

Úrvals- og afrekshópar FRÍ 2011-2012
Frjálsíþróttasamband Íslands kynnti á árinu nýja afreks- og úrvalshópa ungmenna. Í þessum hópum eru þeir einstaklingar sem náð hafa tilskildum árangri í sínum aldursflokkum. UFA átti sjö iðkendur í þessum hópum, en þeir voru:
F. 1996: Ásgerður Jana Ágústsdóttir.
F. 1994 og 1995: Kolbeinn Höður Gunnarsson.
F. 1992 og 1993: Örn Dúi Kristjánsson, Eiríkur Árni Árnason, Agnes Eva Þórarinsdóttir og Heiðrún Dís Stefánsdóttir.
F. 1989,1990 og 1991: Bjarki Gíslason
Kolbeinn Höður náði einnig lágmörkum í sínum greinum inn í afrekshópinn.

Byrsmót UFA
Um 170 keppendur tóku þátt í Byrsmóti UFA sem haldið var í Boganum laugardaginn 12. mars. Keppendur komu frá öllum helstu nágrannafélögunum þ.e. frá UMSE, Eik, HSÞ, USAH, ÚÍA, UMSS, Narfa í Hrísey og Glóa á Siglufirði. Skemmtileg og jöfn keppni var í mörgum greinum. Að lokinni keppni var svo pizzuveisla.

Akureyrarmótið
Akureyrarmót UFA fór fram dagana 16. – 17. júlí á Þórsvellinum. 134 keppendur voru skráðir til leiks frá 14 félögum en þeir fengu fínasta keppnisveður og voru margir að bæta sín persónulegu met. Í heildarstigakeppni félaganna stóð UMSS uppi sem sigurvegari.

Meistaramót Íslands í 5.000 m og 10.000 m hlaupi
Meistaramót Íslands í 5.000m brautarhlaupi kvenna og 10.000m brautarhlaupi karla var haldið samhliða Akureyrarmótinu í frjálsum íþróttum.
Rannveig Oddsdóttir UFA varð Íslandsmeistari í 5.000m hlaupinu, hljóp á tímanum 18:31,88mín sem er 12. besti árangur á Íslandi frá upphafi í 5.000m hlaupi kvenna. Þorbergur Ingi Jónsson ÍR varð Íslandsmeistari í 10.000m hlaupinu, hann hljóp á 31:43,04mín sem einnig er 12. besti tími frá upphafi.

Bikarkeppni FRÍ 2. deild
UFA og UMSE tóku að sér með mjög stuttum fyrirvara að halda keppnina sem fór fram á Þórsvelli 14. ágúst. Keppendur voru 39 og keppnisliðin þrjú. USAH vann með 52 stigum, Norðurland B varð í öðru sæti með 48,5 stig og Norðurland C varð í þriðja sæti með 29,5 stig.

MÍ 15-22 ára
UFA og UMSE tóku að sér að halda mótið á Þórsvelli dagana 27. – 28. ágúst. Mótið var mjög viðamikið en keppendur voru 177 og fjöldi skráninga í greinar 818. Boðið var upp á gistingu og morgunverð í Síðuskóla. Starfsmenn stóðu sig allir með mikilli prýði og stóðust tímaseðlar að mestu leyti mjög vel.
Lið UFA varð í 2.sæti í heildarstigakeppninni á MÍ 15-22ára en lið ÍR sigraði, hlaut 759 stig en UFA hlaut 347 stig.
Samtals hlaut UFA 18 Íslandsmeistaratitla auk fjölda silfur og brons verðlauna.

MÍ í fjölþrautum
MÍ í fjölþrautum og lengri boðhlaupum var haldið í blíðskaparveðri á Akureyri 11. september og sá UFA um framkvæmdina. 20 starfsmenn komu að mótinu, og leystu þeir sín verk fagmannlega að venju.
Samtals luku átta keppendur keppni í hinum ýmsu aldursflokkum, þrjár konur og fimm karlar. Einstakir íþróttamenn voru að bæta sinn persónulega árangur í fjölmörgum greinum innan þrautarinnar – og margir að stórbæta samanlagðan árangur sinn í þrautunum. Ásgerður Jana Ágústsdóttir sem keppti í flokki 16-17 ára þrátt fyrir að hún yrði aðeins 15 ára á árinu, varð Íslandsmeistari í sjöþraut og Stefán Þór Jósefsson varð í 2. sæti í tugþraut í flokki 17-18 ára.
Kolbeinn Höður Gunnarsson keppti í 100m hlaupi og hljóp á sínum besta tíma, 10.99sek en meðvindur var aðeins of mikill.

Hríseyjarmótið 2011
Hríseyjarmótið 2011 var haldið í íþróttahúsinu í Hrísey þann 7. október. Keppendur voru 38 frá UFA og íþróttafélaginu Narfa í Hrísey.

Nóvembermót UFA
Nóvembermót UFA var haldið laugardaginn 12. nóvember í Boganum. Mótið tókst vel og voru rúmlega 130 keppendur skráðir til leiks frá UFA og átta nágrannafélögum. Kjötsúpa og kaffiveitingar var í boði fyrir keppendur og starfsmenn.

Þjálfarar
Unnar Vilhjálmsson og Gísli Sigurðsson störfuðu allt árið sem þjálfarar há félaginu og báru hitann og þungann af þjálfuninni. María Aldís Sverrisdóttir starfaði við hlið þeirra fram á haust en við starfi hennar tók Ari Jósavinsson frá hausti. Þá hafa Agnes Eva Þórarinsdóttir, Heiðrún Dís Stefánsdóttir, Örn Dúi Kristjánsson, Ásgerður Jana Ágústsdóttir og Stefán Þór Jósefssson öll komið að þjálfun hjá félaginu, mismikið þó. Stjórn UFA þakkar þeim öllum afar vel unnin störf, enda afrakstur ársins mjög góður.

Lokaorð
Hér að framan hefur verið hlaupið á því helsta sem borið hefur við hjá UFA á liðnu ári. Stjórn félagsins hefur lengst af verið störfum hlaðin og ekki komist yfir að gera allt sem hún hefði viljað gera. Þó er það mat hennar að flestir þættir í starfi UFA séu í góðu horfi.
Fjárhagsstaða félagsins var góð í byrjun árs en því miður hefur gengið mjög á lausafjárstöðu félagsins. Ástæðan er sú að engin stór fjáröflun var á árinu þar sem ekki buðust stór mót eða tækifæri til að gefa út kosningablað. Það er ljóst af þessu að á árinu 2012 verður að koma til tækifæri til að afla tekna sem nema tveimur til þremur milljónum til að geta staðið undir þeim rekstri sem félagið er nú með.
Miklar framfarir voru hjá mörgum iðkendum á árinu og hafa sjaldan eða aldrei unnist jafn margir Íslandsmeistaratitlar. Er það ekki síst að þakka góðum aðstæðum til æfinga sem félagið hefur í dag og góðum þjálfurum sem hafa verið hjá félaginu nokkuð lengi og staðið vel að málum.
Það eru því spennandi tímar framundan hjá Ungmennafélagi Akureyrar.
Stjórn UFA færir öllum þeim sem með einum eða öðrum hætti hafa lagt félaginu lið á liðnu ári þakkir sínar. Sérstakar þakkir færum við öllum þeim sem fórnuðu tíma sínum og lögðu á sig ómælda vinnu við undirbúning og framkvæmd móta á vegum vegum félagsins.

Fyrir hönd Ungmennafélags Akureyrar

Skýrsla langhlaupa- og þríþrautardeildar UFA

Í byrjun árs sóttu áhugamenn um þríþraut um að stofna þríþrautardeild innan UFA. Í stað þess að stofna nýja deild var ákveðið að fara þá leið að útvíkka starfssvið langhlauparadeildarinnar og fékk deildin því nýtt heiti og heitir nú Langhlaupa- og þríþrautardeild UFA.
Deildin bauð upp á kynningarfyrirlestur um þríþraut í mars þar sem járnhjónin Helga Árnadóttir og Stefán Viðar Sigtryggsson kynntu íþróttina og sína reynslu af æfingum og keppni. Fyrirlesturinn var vel sóttur og góður hópur fólks fór að æfa og tók þátt í þeim þríþrautarmótum sem haldin voru á landinu í ár.
Annars var starfsemi deildarinnar með svipuðu sniði og undanfarin ár. Boðið var upp á sprettæfingar á vellinum 1-2 sinnum í viku og deildin aðstoðaði við hlaupahald á vegum UFA.

Stjórn deildarinnar skipa:
Rannveig Oddsdóttir, formaður
Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, meðstjórnandi
Ingibjörg Halldórsdóttir, meðstjórnandi
Elías Gíslason, varamaður

Hlaup á vegum UFA 2011

Vetrarhlaup

Eins og undanfarin ár stóð Langhlauparadeild UFA fyrir vetrarhlaupasyrpu veturinn 2010-2011. Að þessu sinni tóku hátt í 100 einstaklingar þáttí einu eða fleiri hlaupum. Hlaupaserían samanstendur af sex 10 km hlaupum sem fara fram einu sinni í mánuði frá október og fram í mars. Keppt er í stigakeppni einstaklinga og liða og var hörð og spennandi keppni í flestum flokkum.

1. maí hlaup

1. maí hlaupið var tekið til endurskoðunar og gerðar svolitlar breytingar á hlaupinu. Skólakeppninni var nú skipt í tvo flokka og keppt í flokki fámennra skóla annars vegar og fjölmennra skóla hins vegar. Þetta var gert til að jafna möguleika allra skóla á að vinna til verðlauna. Ákveðið var að hætta að veita verðlaun fyrir fyrstu sætin í aldursflokkum þar sem það er ekki í anda stefnu ÍSÍ að ungir krakkar keppi um verðlaunasæti á íþróttamótum og auk þess stríðir það á móti þeirri hugmyndafræði sem boðuð er með skólakeppninni að aðalatriðið sé að vera með og ná fjöldaþátttöku í skólunum. Einnig var tekin upp sú nýjung að bjóða upp á leikskólahlaup. Hlaupið var frá Þórsvellinum eins og árið á undan. Leikskólakrakkarnir hlupu einn hring inni á vellinum og skólakrakkarnir 2 km hring umhverfis völlinn. Í stað þess að bjóða upp á 4 og 10 km hlaup með tímatöku eins og verið hefur var að þessu sinni aðeins keppt í 5 km hlaupi. Helstu styrktaraðilar voru eins og undanfarin ár Greifinn, stéttarfélögin við Eyjafjörð, Vífilfell og Sportver.

Akureyrarhlaup Íslenskra Verðbréfa

Akureyrarhlaupið hefur átt svolítið erfitt uppdráttar undanfarin ár og þátttaka heldur dalað frá því sem best var. Eftir að hafa í mörg ár reynt með takmörkuðum árangri að blása lífi í skemmtiskokkið var ákveðið að slá það af, leggja meiri árherslu á lengri vegalengdirnar og halda keppnishlaup með einfaldri umgjörð. Einnig var ákveðið að prófa að halda hlaupið á

virku kvöldi í stað laugardags og varð fimmtudagur í lok júní fyrir valinu. Þá helgi eru tvö stór fótboltamót í bænum og Þorvaldsdalsskokkið fer einnig fram þessa helgi en þessir atburðir gætu hjálpað til við að trekkja að fólk sem kemur lengra að og getur þá sótt fleiri viðburði í sömu ferð. Íslensk Verðbréf voru aðalstyrktaraðili hlaupsins að þessu sinni, en Átak, MS Hleðsla og Sportver styrktu hlaupið einnig. Keppt var í þremur vegalengdum 5 km, 10 km og hálfmaraþoni og voru þátttakendur 130 sem er heldur meira en undanfarin ár.

Hausthlaup
Í byrjun október var haldið einfalt 10 km hlaup með tímatöku. Þátttaka var dræm en þar hafði trúlega áhrif að hlaupinu var fyrst frestað um hálfan mánuð og fór síðan fram í heldur hryssingslegu haustveðri.

Skýrsla glímudeildar

Starfsemi glímudeildar var í lágmarki á síðasta ári hvað má rekja til þess að virkur glímumaður deildarinnar er aðeins einn, nefnilega Þorlákur Gunnarsson en hann varð fyrir því óhappi að tábrotna rétt eftir jólin. Hann keppti því aðeins á Landsmótinu sem fram fór um verslunarmannahelgina og stóð sig ásættanlega miðað við að hafa ekki getað æft nokkuð að ráði. Glímuæfingar lágu niðri á haustmánuðum en hafa nú hafist af fullum krafti í samvinnu við Reyðfirðinga en nýráðinn glímuþjálfari er Magnús Ásmundsson frá Reyðarfirði. Þingeysku skólafólki á Akureyri hefur einnig verið boðið að æfa með.

Jón Einar Haraldsson Lambi

Þátttaka UFA félaga í mótum 2011

Reykjavík International Games
Keppendur UFA stóðu sig vel á Reykjavík International Games sem haldið var 15. janúar. Bjarki Gíslason sigraði í stangarstökki stökk 4,52 og Elvar Örn Sigurðsson varð í öðru sæti, stökk 4,42. Bjartmar Örnuson sigraði í 800 m hlaupi eftir glæsilegan endasprett á tímanum 1:54,57 og Heiðrún Dís Stefánsdóttir náði þriðja sæti í 400 m hlaupi hljóp á 59,87.

Stórmót ÍR
Stórmót ÍR var haldið 22. – 23. janúar og voru 27 keppendur frá UFA. Keppendur UFA stóðu sig með afbrigðum vel og bætti Barki Gíslason m.a. Íslandsmet sitt í flokki 20-22 ára í stangarstökki þegar hann stökk 4,82 m.

Meistaramót Íslands 15-22 ára innanhúss
Alls voru 222 keppendur, frá 17 félögum og samböndum, skráðir til leiks á Meistaramót Íslands 15-22 ára sem fór fram í Laugardalshöll dagana 29. – 30. janúar. Keppendur UFA voru 15. UFA hafnaði í 3.sæti í heildarstigakeppninni með 153,5stig.
Að loknu móti voru níu Íslandsmeistaratitlar og fjöldi annarra verðlauna og persónulegra bætinga í höfn.

Meistaramót Íslands innanhúss
Meistaramót Íslands var haldið í Laugardalshöllinni dagana 5. – 6. febrúar. Alls komu 4 Íslandsmeistaratitlar í hlut UFA. Í heildarstigakeppninni varð UFA í 4. sæti, ÍR sigraði, hafði mikla yfirburði, en þau 3 félög sem næst komu þ.e. HSK/Selfoss, FH og UFA voru mjög jöfn. UFA varð í 3.sæti í stigakeppni kvenna og í 4. sæti hjá körlum.

Meistaramót Íslands í fjölþrautum
Tveir keppendur frá UFA tóku þátt í MÍ í fjölþrautum sem fram fór dagana 12. – 13. febrúar í Laugardalshöllinni. Bjarki Gíslason keppti í stangarstökki sem var aukagrein á mótinu. Bjarki bætti Íslandsmetið sitt enn og aftur. Stefán Þór Jósefsson keppti í sjöþraut 18. – 19 ára pilta og endaði í öðru sæti.

Bikarkeppni FRÍ innanhúss
Bikarkeppni FRÍ fór fram í Laugardalshöllinni 19. febrúar og lauk lauk með sigri ÍR, Norðurland varð í 2. sæti með sama stigafjölda og HSK. Norðurland átti hins vegar sigurvegara í fleiri greinum og urðum því í 2. sæti. ÍR hlaut 133 stig Norðurland og HSK hlutu 103,5 stig hvort lið. Lið Norðurlands var sameiginlegt lið UFA, UMSE, UMSS og HSÞ

MÍ 11-14 ára innanhúss
Meistaramóti Íslands 11-14 ára fór 26. – 27. febrúar í Laugadalshöllinni. Þrír Íslandsmeistara-titlar féllu í skaut keppenda UFA. Keppendur á mótinu voru 377 og þar af voru 16 frá UFA.

Evrópubikarkeppni landsliða í 3. deild
Evrópubikarkeppni landsliða í 3. deild í frjálsum íþróttum fór fram á Laugardalsvelli 18.-19. júní. Fimmtán Evrópuþjóðir tóku þátt í mótinu og eru keppendur um 550. Mótið var því fjölmennasta alþjóðlega frjálsíþróttamót sem haldið hefur verið hér á landi. UFA átti þrjá keppendur á mótinu, þá Bjartmar Örnuson, Bjarka Gíslason og Kolbein Höð Gunnarsson. Bjarki Gíslason stökk 4,80m í stangarstökkinu og jafnaði þar með unglingamet Einars Daða

Lárussonar. Bjartmar Örnuson náði sínum besta tíma í 800m hlaupinu, hann hljóp á 1:52,04 mín. Kolbeinn Höður Gunnarsson var í boðhlaupssveitinni í 4x400m boðhlaupi, sveitin hafnaði í 6. sæti á tímanum 3:18,06mín.

Sumarleikar HSÞ
Voru að venju haldnir að Laugum í Reykjadal dagana 2. – 3. júlí. Mótið sóttu u 30 keppendur frá UFA og stóðu þeir sig mjög vel.

MÍ 11-14 ára
10 keppendur frá UFA kepptu á Meistaramóti Íslands 11-14 ára í Vík í Mýrdal dagna 25. – 26. júní. Stóðu krakkarnir sig virkilega vel þrátt fyrir slæmt veður seinni daginn.
UFA eignaðist 2 Íslandsmeistara auk þess sem þrír einstaklingar unnu silfur í sínum greinum, boðhlaupssveit 13 ára stúlkna vann silfur og 4 brons.
Í flokki 13 ára stúlkna gerðu UFA stelpur sér lítið fyrir og unnu stigakeppnina en 10 efstu í hverri grein safna stigum fyrir sitt félag.

MÍ aðalhluti
Meistaramót Íslands, það 85 í röðinni, var dagana 23. – 24. júlí á nýjum frjálsíþróttavelli á Selfossi. Þátttaka var mjög góð en 184 keppendur frá 14 félögum og samböndum voru skráðir til leiks. Frá UFA voru keppendur 10 talsins að þessu sinni. UFA vann einn Íslandsmeistaratitill, en mikið rok gerði keppendum og starfsfólki erfitt fyrir.

Unglingalandsmótið á Egilsstöðum
Unglingalandsmót UMFÍ árið 2011 var haldið á Egilstöðum dagana 29. júli – 1. ágúst. Keppendur UFA sem voru 27 og fjölskyldur þeirra voru að vanda saman á tjaldstæði. Eftir keppnisdagana kom fólk saman miðssvæðis á tjaldstæðinu og fór yfir árangur dagsins og hefur sú hefð skapast að börnin segja sjálf frá og uppskera í lokin mikið lófaklapp aðdáenda úr stuðningsliðinu. Á meðan þessu stendur er grillað og matur borðaður af bestu lyst. Í lokin er gjarnan farið í leiki og þar er kynslóðabilið brúað og allir finna barnið í sér.
Aðstæður á mótstað voru góðar og flestir vellir í göngufæri frá tjaldstæðum. Eins má geta þess að veðrið lék við hvurn sinn fingur sem var mjög ánægjulegt. Krakkarnir sem tóku þátt í nafni UFA stóðu sig öll mjög vel og voru félagi sínu til sóma. Gaman var að fylgjast með keppendum í fjölbreyttum keppnisgreinum. Má nefna greinar eins og glímu, skák, hlaup og stökk. Margir settu persónuleg met og allir gerðu sitt besta.

Bikarkeppni FRÍ
Sameiginlegt lið Norðurlands hafnaði í 4.sæti í heildarstigakeppninni í Bikarkeppni FRÍ sem haldin var 13. ágúst á Kópavogsvelli. Kvennaliðið varð í 3. sæti og karlaliðið í 5. sæti. Hjá konunum munaði mestu um Hafdísi Sigurðardóttur HSÞ en hún vann allar sínar greinar þ.e. 100, 200, 400m hlaup og langstökk. Bjarki Gíslason UFA sigraði stangarstökkið, stökk 4,90m sem er jöfnun á hans besta árangri.

Reykjavíkurmaraþon
Rannveig Oddsdóttir UFA sigraði í hálfu maraþoni kvenna í Reykjavíkurmaraþoninu sem fram fór 20. ágúst. Rannveig hljóp á tímanum 1:24:05 klst. Samkvæmt afrekaskrá FRÍ mun þetta vera besti tími Rannveigar í hálfu maraþoni og fimmti besti tími íslenskrar konu frá upphafi.

Bikarkeppni FRÍ 15ára og yngri
Bikarkeppni FRÍ var haldin 20. – 21. ágúst í Hafnarfirði. Sameiginlegt lið UMSE og UFA hafnaði í 3. sæti í samanlagðri stigakeppni. Lið ÍR sigraði með 169 stig, FH varð í 2. sæti með 142,5 stig og UMSE/UFA fékk 130,5 stig.

Silfurleikar ÍR
Hinir árlegu Silfurleikar ÍR voru haldnir í Laugardalshöllinni 19. – 20. nóvember. Keppendur voru 559 alls staðar að af landinu. Mótið er haldið til heiðurs afreki Vilhjálms Einarssonar í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne í Ástralíu 1956 er hann vann silfurverðlaun, fyrstur Íslendinga til að vinna til verðlauna á Ólympíuleikum. Keppt er í aldursflokkum 17 ára og yngri. Að þessu sinni kepptu þær Ásgerður Jana Ágústsdóttir og Melkorka Ýrr Yrsudóttir frá UFA og stóðu þær sig mjög vel m.a. sigraði Ásgerður Jana hástökkið í flokki 15 ára er hún stökk 1,60m.

Áramót Fjölnis
Kolbeinn Höður Gunnarsson var eini keppandi UFA á Áramóti Fjölnis sem haldið var í Laugardalshöllinni 29. desember. Kolbeinn sigraði 200m hlaup karla á sínum besta tíma innanhúss, 22,65 sek. og varð svo í 2.-3.sæti í 60m hlaupi á 7,36sek.

Mót erlendis og utanlandsferðir

Heimsleikar unglinga í Gautaborg
Þann 6. júlí lafði fríður hópur frá UFA af stað til Gautaborgar til keppni og þátttöku í Heimsleikum unglinga sem haldnir eru á Ullevi leikvanginum í Gautaborg á hverju ári. Í allmörg ár hefur verið stefnt að ferð á mótið annað hvert ár, en síðast var farið fyrir tveimur árum, þessar ferðir hafa alltaf verið vel heppnaðar og lærdómsríkar.
Hópurinn nú samanstóð af 28 manns, þar af voru fjórtán úr 11-14 ára flokki, fjórir úr meistaraflokki, átta foreldrar og þjálfararnir Unnar og María Aldís.
Keppnin sjálf fór fram dagana 8. – 10. júlí. Allir stóðu sig með mikilli prýði og voru landi sínu, félagi og foreldrum til mikils sóma

HM 17 ára og yngri í Lille í Frakklandi
Kolbeinn Höður Gunnarsson UFA fór til Lille í Frakklandi þar sem hann keppti í 200m hlaupi á Heimsmeistaramóti 17 ára og yngri sem fram fór 6.-10. júlí. Kolbeinn náði lágmarki í 200m hlaupi og keppti fyrir Íslands hönd ásamt þremur öðrum ungmennum frá Íslandi. Kolbeinn hljóp á 22,61 sek sem var hans besti tími, en nægði þó ekki til að komast áfram

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar
Dagana 24. til 29. júlí fór Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar fram í borginni Trabazon í Tyrklandi. Allar Ólympíunefndir Evrópu sendu sína sterkustu keppendur til leiks, en aldur keppenda er 15 - 18 ára. Kolbeinn Höður Gunnarsson í UFA var einn þessara keppenda og keppti í 100 og 200 m hlaupum.

NM 19 ára og yngri

Kolbeinn Höður Gunnarsson UFA var valinn í unglingalandsliðið fyrir Norðurlandamót 19 ára og yngri í Kaupmannahöfn 3-4.september. Keppti hann í 100m hlaupi og 4x100 og 4x400m boðhlaupum. Í liðinu voru 9 stelpur og 8 strákar. Unnar Vilhjálmsson var annar tveggja þjálfara hópsins.

Lög UFA

1. grein
Félagið heitir Ungmennafélag Akureyrar, skammstafað UFA. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri.

2. grein
Tilgangur félagsins er:
að efla íþróttastarfsemi á Akureyri með aðaláherslu á iðkun frjálsra íþrótta.
að stuðla að þroskandi félagsstarfi.
að vinna að heilbrigðu líferni og gegn hvers konar notkun vímuefna.

3. grein
Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert. Þá skal kjósa 5 menn í stjórn og 2 menn í varastjórn sem stija fundi. Stjórnin velur sér formann en skiptir að öðru leyti með sér verkum. Endurkjör er heimilt.

4. grein
Aðalfund skal boða með minnst 5 daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað. Þá getur stjórn félagsins boðað til almenns félagsfundar ef þurfa þykir. Einnig er stjórninni skylt að boða til almenns félagsfundar ef 15 félagar eða fleiri æskja þess og skulu þessir fundir boðaðir með minnst 5 daga fyrirvara.

5. grein
Árgjöld félagsmanna skal ákveða á aðalfundi. Reikningsár er frá áramótum til næstu áramóta.

6. grein
Félagar geta allir orðið ef meirihluti stjórnar samþykkir umsókn þeirra. Vísa má beiðni um inntöku til endanlegrar ákvörðunar almenns félagsfundar. Iðkendur sem keppa fyrir UFA verða sjálfkrafa félagar. Börn yngri en 12 ára hafa ekki atkvæðisrétt en hafa heimild til fundarsetu.

7. grein
Stjórn félagsins sér um allar framkvæmdir þess og skal hún leggja fram fjárhagsáætlun til umræðu og samþykktar á aðalfundi og ber gjaldkera að haga greiðslum sínum sem mest eftir henni. Heimilt er að starfrækja deildir innan félagsins til þess að sjá um ákveðna þætti starfseminnar, þær deildir hafa ekki ráðstöfunarrétt á fjármálum félagsins nema með samþykki aðalstjórnar.

8. grein
Félögum er skylt að hlýða lögum félagsins og annast þau störf í þágu félagsins sem félagsfundur eða stjórn félagsins felur þeim.

9. grein
Úrsögn úr félaginu skal tilkynna til stjórnar.

10. grein
Lögum þessum má aðeins breyta á lögmætum aðalfundi og þurfa tillögur um lagabreytingar að berast til stjórnar félagsins með minnst 14 daga fyrirvara. Samþykki 2/3 hluta fundarmanna þarf til að lagabreytingar öðlist gildi.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Dags 26. febrúar 2007.

Mótanefnd

Hlutverk

- Skipuleggur og heldur utan um mót á vegum UFA og eru haldin á Akureyri.
    - Setur upp tímaseðil sem er tilbúinn tveimur vikum fyrir mót á mótaforriti FRÍ
    - Auglýsir mótin til sambandsaðila FRÍ með fjögurra vikna fyrirvara.
    - Sér til þess að allur búnaður sé tilbúinn tveimur sólarhringum fyrir mót.
    - Kallar eftir starfsfólki og raðar á greinar. Sjá til þess að mönnun sé næg til að leysa starfsfólk reglulega af og velur yfirdómara.
- Stendur fyrir dómaranámskeiðum.

Meistaraflokksráð hjá UFA

Hlutverk.

- Meistaraflokksráð tekur þátt í gerð afreksstefnu með stjórn félagsins og þjálfurum.
- Gerir fjárhagsáætlun sem miðast við afreksstefnuna.
- Er tengiliður við iðkendur, uppfærir iðkendalista m.t.t. netfanga, símanúmera ofl.
- Heldur fundi og sendir upplýsingar um starf flokksins í byrjun vetrar og áður en sumardagskrá byrjar.
- Miðlar nauðsynlegum upplýsingum til iðkenda og foreldra.
- Sér um ferðir á mót. Útvega: rútu, gistingu, fararstjórn; reikna þátttökugjald (innifalið gisting, rúta, matur, skráningargjald) og finna afþreyingu.
- Aðstoðar við að útvega starfsfólk á mót á vegum UFA og aðstoða við framkvæmd þeirra.
- Vinnur markvisst að fjölgun iðkenda og virkja fleiri til starfa.
- Stendur reglulega fyrir uppákomum fyrir hópinn, til að efla samkennd.
- Undirbýr með þjálfurum sumar- og vetrarstarfið svo það gangi sem best fyrir sig m.t.t. búnaðar, aðstöðu og æfingatíma.

Foreldraráð yngri flokka hjá UFA

Hlutverk.

- Gerir áætlun um starf flokksins í samráði við þjálfara og stjórn.
- Gerir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir flokkinn.
- Er tengiliður við iðkendur, uppfærir iðkendalista m.t.t. netfanga, símanúmera ofl.
- Heldur fundi og sendir upplýsingar um starf flokksins í byrjun vetrar og áður en sumardagskrá byrjar.
- Miðlar nauðsynlegum upplýsingum til iðkenda og foreldra.
- Sér um ferðir á mót. Útvega: rútu, gistingu, fararstjórn; reikna þátttökugjald (innifalið gisting, rúta, matur, skráningargjald) og finna afþreyingu.
- Aðstoðar við að útvega starfsfólk á mót á vegum UFA og aðstoða við framkvæmd þeirra.
- Vinnur markvisst að fjölgun iðkenda og virkja fleiri til starfa.
- Stendur reglulega fyrir uppákomum fyrir hópinn, til að efla samkennd.
- Undirbýr með þjálfurum sumar- og vetrarstarfið svo það gangi sem best fyrir sig m.t.t. búnaðar, aðstöðu og æfingatíma.